

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2012
Tilvísun: UST20120200017/bs


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Umsögn

Vísað er til bréfs Akureyrarbæjar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Í umræddri tillögu er gert ráð fyrir lagningu Blöndulínu 3 á um 800 m löngum kafla innan marka Akureyrarkaupstaðar. Einnig er gert ráð fyrir byggingu tengivirkis ásamt lagningu jarðstrengja og lagningu slóða vegna línulagnar.

Hvorki er farið um vatnsverndarsvæði né náttúruverndarsvæði. Jarðstrengir verða ýmist lagðir meðfram götum eða í gömul tún. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga n. 44/1999 um náttúruvernd. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson